

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 29. október 2018  
UST201810-121/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing – Fjarðabyggð - Deiliskipulag – ofanflóðamannvirki neðan  
Urðarbotna**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags Urðarbotna og ofanflóðamannvirkja ofan byggðar í Neskaupsstað.

Í lýsingu kemur fram að áætlað deiliskipulagssvæði er alls 14,2 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði neðan Urðarbotna í Neskaupsstað. Einnig kemur fram að til stendur að reisa 375 m langan þvergarð sem er áætlaður 12 – 17 m hár, sem verður grafinn niður og mun rísa um 10 – 14 m yfir óhreyft land. Ofan þvergarðsins verða byggðar 15 keilur í tveim röðum 8 m háar.

Áætlað skipulag gerir ráð fyrir framkvæmdum sem eru matsskyldar skv. lögum um umhverfismat nr. 106/2000, og má sjá niðurstöðu matsins á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Ofangreind framkvæm er hluti af framkvæmd sem þegar er hafin.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir lýsinguna og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur